

# Jóna Úlfgerður Þuríð Gáml

(3)

## Stjórnmálaástandið.

Það er ekki bjart framundan í íslensku þjóðfélagi ef marka má allá þá umræðu sem í gangi er. Aflasamídráttur, er undirrótin ásamt mikilli fjárfestingu undanfarin ár. Nú eykst atvinnuleysið hröðum skrefum, uppsagnir starfsfólks er daglegt brauð, gjaldþrot blasa við í mör gum atvinnufyrirtækjum. Ríkissjóður er rekinn með halla og það eykur skuldir þjóðarbúsins. Sérstaklega ber að skoða það hve hlutfall erlendra lána er hátt og greiðslubyrði lána hækkar ört. Ef við miðum við þjóðarframleiðslu þá eru skuldir komnar upptýrit 50% og greiðslubyrðin örðin 30%. Menn hafa útskyrt þetta með þeim hætti að 3.hver þorskur fari i greiðslu afborgana og vaxta af lánum. Það er of stórt hlutfall, en við skulum þó skoða það, að hér er miðað við þjóðarframleiðslu sem hefur verið að dragast saman. Það er auðvitað ekki sama hvort við erum að tala um að veiða megi 450.000 tn af þorski eða 210.000 tn. Óg svipað gildir um aðrar fisktegundir, þó skerðingin sé ekki eins mikil. Við getum bara litið á okkar heimilisrekstur til viðmiðunar. Ef tekjurnar fara að einum þriðja hluta í að greiða afborganir og vexti, þá er það örðið að mikil. Þá eignum við eftir að kaupa í matinn, greiða húsnæðiskostnað, menntunarkostnað barnanna, fatnað, heilsugæslu, sem hefur hækkað um 35% á sama tima og fræmfærsluvisitalan hefur hækkað um 14%. o.fl. o.fl. Þetta er vissulega alvarlegt mál.

En við höfum það líka gott á öðrum sviðum. Við búum ekki við ógnir styrjálða, konur og börn eru ekki á flóttu undan æðandi vélbyssum, Við þarfum ekki að hirast í flóttamannabúðum. Og við eignum land, ennþá a.m.k. sem getur brauðfætt okkur af auðlindum sinum. Og húsnæði er nóg af á Íslandi, þó að misskipt sé. Við eignum tiltölulega ómengad umhverfi, aðnir fjallanna og óbyggðirnar búa yfir þeim auðæfum sem ekki verða metin til peninga.

Þjóðin er með betur menntaðri þjóðum og því rík af mannaudi. Hvað erum við þá að kvarta?

I ljósi þeirra hörmunga sem aðrar þjóðir sumar hverjar mega þóla þá verða okkar vandamál ekki stórvægileg.

Það er nú svo að þó við eignum allt þetta þá gerum við ymsar aðrar kröfur, sem við teljum líka til mannréttinda. Óg það er þá fyrst að við viljum að til sé atvinna fyrir allar vinnufúsar hendur. Við viljum jafnrétti til búsetu, og við viljum jafnrétti til náms. Við viljum geta þroskað okkur sjálf og börnin okkar og að menntun sé i boði fyrir alla, bæði til munns og handa. Við viljum standa vörð um það velferðarkerfi sem hér hefur verið bnyggt upp. Það kostar peninga og um það snyst málið í dag. Penningarnir duga ekki til þess sem við viljum. Óg þá byrjar niðurskurðurinn, og þá þarf að velja og hafna, setja sér markmið og finna leiðir að þeim.

Þau markmið sem rikisstjórnin sem nú situr hefur sett sér er fyrst og fremst að ná niður halla rikissjóðs. Það er gert með því að höggva af miklum móð og skera niður. Ekki finnst mér að þær sé þess gátt alltaf að meta afleiðingarnar. Því til sönnunar er hægt að nefna nokkur dæmi.

I heilbrigðisráðuneyti var ákveðið að skera niður framlög til sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu á árinu 1992. Niðurskurðurinn fólst í því að fækka sjúkrarúmum á Landsspítala, en auka þau á Borgarspítala, auk þess sem hlutverki Landakots var breytt og skorið allverulega þar. Þá var dregið úr aðgerðum á Landsspítala sem hafði það í för með sér að sjúklingsar leituðu út fyrir sjúkrahúsin, til sérfræðinga innanlands eða erlendis og fengu það greitt í gegnum sjúkratryggingar, sem Tryggingarstofnun greiðir. Við það hækkuðu sjúkratryggingar um 7-800 milljónir kr. Alagið á Borgarspítala varð mikið á starfsfólkið og það varð að greiða því bónum upp á 30 milljónir.

Samt vantar upp á að endar nái þar saman. Óg 75 milljónir vantar á Landakot á þessu ári. Sem sagt að flestra álití hefur akkúrat enginn sparanaður náðst. Tilraunin kemur út á nálli, en raskið og ruglið hefur sin áhrif á alla startsemi sjúkrahúsanna og niðurskurður á Landsspítala er m.a. að koma núna fram í uppsögnum hjúkrunarfraðinga.

Þá hefur niðurskurður í skólakerfinu líka mikil áhrif og ég þarf líklega ekki að orðlengja það mikil. Það er mál sem snertir okkur allar meira eða minna og við þekkjum líklega allar nærtæk dæmi um það.

Við kvennalistakonur teljum að þarna sé ekki rétt forgangsröðun í sparnaði. Óg höfum bent á hvernig mætti auka tekjur ríkissjóðs til að ekki þyrfti að koma til sliks.

Hins vegar er viða hægt að spara. Risnukostnaður ráðuneyta varð 1 milljarður króna á árinu 1990. Ráðherrar endurnyjuðu bila sina í upphafi kjörtimabils, og ekki með neinum ódyrari tegundum. Ferðagleði ráðherra er mikil og það kallar á dagpeningagreiðslur og annan kostnað.

Méiri tekjur mætti hafa af fasteignum ríkisins út um allt land.

En ég ætla að fjármálahópurinn komi betur inn á þessi mál, en þau hljóta þó að skarast nokkuð.

En ef ég held mér við stjórnmálaástandið, þá er ríkisstjórnin því marki brennd að trúa á frjálshyggjuna eins og Guð. En aðferðir og kenningar frjálshyggjunnar sem fyrst og fremst miðast við hagsmuni viðskiptalitsins og hinnar frjálsu samkeppni er ekki með öllu hægt að heimfæra upp á íslenskt samfélög.

þeir málaflokkar sem hér koma á eftir.

Eg þakka ykkur fyrir.

Það leysir ekki vandamál okkar þar sem markaðurinn er oft svo smár og fámennur að markaðslögmalin gilda ekki. Bretar og Bandaríkjamenn hafa í raun viðurkennt það að eintómur samdráttur og tilraunir til að ná niður ríkishalla á samdráttartínum verður til þess að magna samdráttinn.

En hin íslenska rikisstjórn trúir í blindni á markaðslögmalin og aðgerðarleysið. Allt á að ráðast með frjálsri samkeppni og einkavæðingu. Atvinnurekendur og launþegar hafa gefist upp á ríkistjórninni, þeir ræða nú og hafa gert síðustu vikur um hvernig hægt sé að styrkja stöðu atvinnuveganna. Gengisfellingu er hafnað og rætt er um lækkun kostnaðar fyrirtækjanna. Súm lækkun felst í því að lækka hugsanlega tryggingargjald sem atvinnurekendur greiða og að fella niður aðstöðugjaldið.

Betta hvorttveggja eru þó almennar aðgerðir sem ákveða verður á Alþingi. Þannig að eðlilegra hefði verið að rikisstjórnin stæði fyrir þessum viðræðum, en það sýnir úrræðaleysi hennar hvernig komið er.

Í dag má segja að ástandið sé þannig að það er biðstaða, það getur lika verið lognið á undan storminum. KEF ekki fer eitthvað að gerast þá kemur hér skriða gjaldþrota, og eða lokana fyrirtækja. Þau eru rekin með halla frá degi til dags. Þau gæta ekki haldið uppi atvinnu við þær aðstæður. Annaðhvort verða að koma til verulegar kostnaðarlækkanir eða gengislækkun. Það er meiri stuðningur við kostnaðarlækkanir almennt, en enginn vill þó verða fyrstur til að taka á sig auknar byrðar.

Það hefur verið vitnað til bæði Svíu og Færeyinga. Svíar völdu þá leið að lækka kostnað. Færeyingar hafa haldið áfram skuldasöfnun árum saman og hafa nú nánast misst sitt efnahagslega sjálfstæði.

Við verðum að finna okkur leið, íslenska leið út úr þessu efnahagsöngþveiti. En ég tel að mitt hlutverk í þessum umræðum hafi ekki verið að benda á einhverja eina leið. Við eигum eftir að ræða málin í dag, og innlegg i umræðuna verða þeir málaflokkar sem hér koma á eftir.

Eg þakka ykkur fyrir.

## STARF ÞINGKVENNA

Um stjórnmálaástandið stöðugt við ræðum.  
stöndum í pontu, og þjóðina fræðum.  
Um frumvörp og tillögur erum að fjalla,  
og fáum að berjast við andlausá kalla.  
Svo skundum á landsfund og skyrum út málín  
skoðum og hugsum sem þjóðarsálin.  
Hóparnir munu svo hálða til haga,  
heilmiklu efni, sem á að laga.